

LAND



pósturinn

FRÉTTABRÉF FÉLAGS LANDFRÆÐINGA

14. árg. 1. tbl., mars 2000

Ábm.: Jófríður Guðmundsdóttir, Félag landfræðinga, Pósthólf 5391, 125 Reykjavík

## Breytingar á dagskrá

Í Landpósti sem út kom í nóvember á síðasta ári var tilkynnt að aðalfundur Félags landfræðinga yrði haldinn 14. mars. Stjórnin hefur nú neyðst til að fresta aðalfundinum þangað til **28. mars**. Í staðinn verður boðið upp á áhugaverðan fræðslufund þann 14. mars eins og fram kemur hér að neðan.



**Erindi 14. mars um landfræðina og erfðavísindin:**

### ***Island as Laboratory, Science as Cartography***

Erindið flytur Beth Greenhough, doktorsnemi í landfræði við Bristolháskóla í Bretlandi, en hún dvelur þessa mánuðina við Jarð- og landfræðiskor Háskóla Íslands sem skiptinemandi og aflar efnis í doktorsritgerð sína. Lýsing hennar á efni erindisins fer hér á eftir:

*This presentation explores the relationship between notions of the 'natural' and the 'social' as a classic division within geographical analysis. It draws on genetic epidemiology, as a form of scientific cartography, to exemplify how humans themselves are spaces which are simultaneously 'natural' objects and 'cultural' subjects. Reference is made to the current debates about the use of medical and genetic data for scientific research in Iceland. The debates around the Icelandic Health Sector Database reflect how the spaces of "human body" and "island nation" are contested through their definition as both "natural resources" and "social arbitrators".*

Erindið verður í stofu 101 í Odda, húsi Háskóla Íslands, og hefst kl. 8:30. Allir að sjálfsögðu velkomnir.



***Munið 14. og 28. mars!***

## Aðalfundur 28. mars

Hér með boðar stjórn Félags landfræðinga til aðalfundar þann 28. mars næstkomandi í stofu 201 í Odda, Háskóla Íslands, kl. 20:30. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf, samkvæmt lögum félagsins, sem birt eru í þessum Landpósti. Nokkrir núverandi stjórnarmanna munu ganga úr stjórninni þannig að... nú er tækifærið! Nýir félagar eru boðnir sérstaklega velkomnir.



## Lög Félags landfræðinga

### 1. grein

Félagið heitir FÉLAG LANDFRÆÐINGA. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

### 2. grein

Markmið félagsins er:

- Að starfa sameiginlega að eflingu fræðigreinarinnar landafræði.
- Að efla samvinnu félagsmanna.
- Að standa vörð um hagsmunamál og réttindi landfræðinga.

### 3. grein

Félagi getur orðið hver sá, sem lokið hefur háskólaprófi í landafræði frá viðurkenndum háskóla, enda samþykki félagsstjórnir upptöku hans. Sé vafi um prófgráðu umsækjanda skal aðalfundur skera úr um inngöngu hans í félagið. Aukaaðild að félaginu geta þeir fengið sem eru í landafræðinámi á háskólastigi gegn greiðslu á hálfu árgjaldi. Aukafélagar hafa málfrelsi og tillögurétt.

### 4. grein

Fullgildur félagi er sá sem greitt hefur félagsgjöld sín til félagsins fyrir næstliðið ár eigi síðar en á aðalfundi félagsins. Nú stendur félagi eigi í skilum á félagsgjöldum, ber þá gjaldkera að tilkynna honum bréflaga um réttindamissi hans í félaginu, verði skuldin eigi greidd innan tveggja mánaða frá dagsetningu bréfsins. Undanþegnir félagsgjöldum eru félagar eldri en 70 ára og félagar við framhaldsnám.

### 5. grein

Aðalfundur skal halda í marsmánuði ár hvert og skal hann boðaður bréflaga með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara. Fastir liðir á dagskrá aðalfundar skulu vera:

- Skýrsla formanns.
- Að leggja fram endurskoðaða ársreikninga félagsins.

- c) Að kjósa fimm manna stjórn. Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Kjörtímabil annarra stjórnarmanna er tvö ár og ganga tveir árlega úr stjórninni. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.
- d) Að kjósa tvo endurskoðendur.
- e) Að ákveða félagsgjöld.
- f) Lagabreytingar.
- g) Önnur mál.

### 6. grein

Stjórnin er fulltrúi félagsins út á við, en heimilt er henni eða aðalfundi að fela öðrum að koma fram sem fulltrúi þess í sérstökum tilfellum, ef þurfa þykir. Stjórnin boðar til félagsfundar þegar henni þykir tilefni til og skylt er henni að boða til fundar þegar sjö félagsmenn eða fleiri óska þess.

### 7. grein

Á fundum félagsins ræður afl atkvæða úrslitum mála. Þó verður lögum þess eigi breytt nema á aðalfundi og því aðeins að 2/3 fundarmanna samþykki breytinguna. Tillögur um lagabreytingar skulu berast stjórn eigi síðar en 1. febrúar og skulu þær sendar út með aðalfundarboði.



## Pakkir

Ég vil þakka Félagi landfræðinga fyrir þann heiður sem mér var sýndur með ráðstefnunni á s.l. vori í tilefni af starfslokum mínum og með því að helga mér síðasta hefti Landabréfsins. Ég óska öllum fyrri nemendum mínum og öðrum landfræðingum velfarnaðar í lífi og starfi.

Guðrún Ólafsdóttir



## ArcÍS-ráðstefna 2001


ArcÍS-ráðstefna verður haldin föstudaginn 27. apríl á Grand Hótel. Fluttir verða nýu fyrirlestrar og koma fyrirlesarar frá helstu notendum ESRI-hugbúnaðar á Íslandi, svo sem LUKR, Landssímanum, Hnit, Stefju, Veðurstofunni, Landmati, Grindavíkurkaupstað og Háskóla Íslands. Búast má við mjög fróðlegum erindum um það helsta sem er að gerast í LUK málum hérlendis. Fólk er hvatt til að mæta og skrá sig sem fyrst hjá *Ráðstefnu* og *fundir ehf.*, en skráningareyðublað má nálgast sem Excel-skjal á slóðinni <http://www.samsyn.is/arcis/skraning.xls> eða sem pdf-skjal á <http://www.samsyn.is/arcis/skraning.pdf>

Ráðstefnugjald er 16.000 kr. ef gengið er frá skráningu fyrir 7. apríl en 18.000 kr. ef skráð er eftir þann tíma. Ráðstefnunni lýkur með hátíðarkvöldverði á Naustinu sem er innifalinn í ráðstefnugjaldi.

Stjórn ArcÍS

## Athyglisverð örnefnaskrá á Vefnum

Dreymir þig um að komast í *Paradís*? Ellegar að stara á *Geirvörtur* eins lengi og þig lystir án þess að eiga von á illu augnaráði eiganda þeirra? Nú er komið tæki sem auðveldar þér hvort tveggja! En áður en þú kastar öllu frá þér og heldur af stað í hamingjuleit skal upplýst að þetta eru íslensk staðaheiti. Með því að fylgja slóðinni <http://geo.hi.is/ornefnaskra> má komast inn á merkilegan vef, sem ber titilinn „Örnefnaskrá Íslands“. Höfundurinn er landmælingaverkfræðingurinn og tölvugaldrakarlinn Marin Kardjilov, sem nú vinnur að doktorsverkefni í landfræði við Háskóla Íslands. Hér að neðan er dæmi um skjámynd af vefnum. Hún sýnir dreifingu örnefnis sem telja verður öllu minna aðlaðandi en þau sem nefnd voru í upphafi, en segir samt athyglisverða sögu.



### Bleikir akrar ok slegin tún...

Þann 17. febrúar síðastliðinn hélt Björg Gunnarsdóttir erindi um BS-verkefni sitt, sem hún hefur nýlega lokið. Í verkefninu fléttaði hún skemmtilega saman fornar sögur og nýjustu tækni í meðferð landfræðilega upplýsinga. Björg staðsetti á korti tilvísanir til gróðurfarar sem hún fann í Íslendingasögnum og bar saman við gróðurfar sömu staða á okkar dögum. Með hjálp Marins Kardjilovs bjó hún til LUK á vefnum, þar sem kalla má fram upplýsingar um gróðurfar þessara staða að fornu og nýju. Heimsækid vef Bjargar og Marins á <http://geo.hi.is/saga/>.





## Nýir landfræðingar

Í febrúar útskrifuðust hvorki fleiri né færri en 11 stúdentar með landfræðigráðu frá Háskóla Íslands, þar af einn með meistaragráðu. Stjórn Félags landfræðinga óskar þeim til hamingju. Nöfn þeirra og titlar verkefna fara hér á eftir.

MS:

**Margrét Valdimarsdóttir** „Byggð og náttúruvá: Viðhorf íbúa á ofanflóðasvæðum til áhættu og öryggis“

BS:

**Árni Sigurður Björnsson** „Íslensk einkaleyfi – hlutverk þeirra í hagkerfinu, stuðningur hins opinbera til einkaleyfishafa og hagnýting“

**Axel Benediktsson** „Væntingar um orkufrekan iðnað á 20. öld“

**Brynja Jónsdóttir** „Notkun landfræðilegra upplýsingakerfa til skilgreiningar á markaðssvæði matvöruverslunar í vesturhluta Reykjavíkur“

**Hjörtur Örn Arnarson og Svanlaugur Jónasson** „Esjusvæðið“


**Ingibjörg Jónsdóttir** „Fornleifarannsóknir nútímans. Leit að þekkingu eða athygli neytenda?“

**Marta Birgisdóttir** „Hlutverk og sýn kvenna á menningarlíf lítils staðfélags á Íslandi“

**Matthildur Halldórsdóttir** „Örnefni tengd Tyrkjaráninu í Heimaey 1627“

**Tryggvi Már Ingvarsson** „Leiðir tveggja alda Í nágrenni Reykhólts í Borgarfirði“

**Vilborg Gunnarsdóttir Hansen** „Viðhorf til ferðamennsku og ferðamanna á Egilsstöðum og Húsavík“



## Landabréfið

Hljótt hefur verið um Landabréfið síðan síðasta hefti (16. & 17. árg., 1. tbl., 1999 & 2000) kom út á síðastliðnu hausti. Það er einlægur vilji ritnefndar að gefa út hefti árlega og að vanda til verka með því að birta, auk annars efnis, lengri ritrýndar greinar. Ritnefnd hefur gert drög að reglum sem höfundar geta haft til hliðsjónar, einkum ef þeir hyggjast skrifa lengri greinar. Reglurnar eru birtar hér á eftir og mega lesendur gjarnan senda ábendingar og athugasemdir til ritstjórnar, eða inn á póstlistann [landpostur@hi.is](mailto:landpostur@hi.is).

Ef fyrirætlanir um árlega útgáfu eiga að ganga eftir er ekki seinna vænna en að fara að hugsa fyrir hefti þessa árs og næsta árs. Byrjað er að vinna að þemahefti um fjarkönnun á þessu ári og gefst hér kjörið tækifæri fyrir þá sem hafa áhuga á að birta eitthvað á því sviði. Þeim er bent á að hafa samband við ritstjórnina sem fyrst.

Hvað hefti næsta árs varðar verður það með hefðbundnum hætti, þ.e. greinar um margvísleg efni eftir því sem þær berast. Ritnefnd hvetur félagsmenn, sem eiga efni eða hafa hugmyndir um greinar, pistla, ritdóma að hafa samband við fyrsta tækifæri.

*Ritstjórn:* Guðrún Ólafsdóttir, [gudrunmo@hi.is](mailto:gudrunmo@hi.is)  
Karl Benediktsson, [kben@hi.is](mailto:kben@hi.is)

*Gestaritstjóri næsta heftis (2001):* Ingibjörg Jónsdóttir, [ij@hi.is](mailto:ij@hi.is)



## LANDABRÉFIÐ LEIÐBEININGAR FYRIR HÖFUNDA

### Efni tímaritsins

*Landabréfið* er tímariti Félags landfræðinga. Það kemur út árlega. Í því eru birtar lengri fræðilegar greinar (allt að 8000 orð að lengd), styttri greinar og pistlar, ritdómar og fréttir sem snerta landfræðileg efni og starf landfræðinga. Fræðilegar greinar eru ritrýndar.

### Tungumál

Efni má vera á íslensku eða ensku. Fræðilegum greinum skal fylgja ágríp á bæði íslensku og ensku.

### Skil efnis

Efni skal skilað til ritstjóra á disklingi eða sem viðhengi í tölvupósti, á RTF-sníði, ásamt eintaki á pappír. Myndir skulu annað hvort settar á sinn stað í textanum eða auðkenndar þannig að ekki fari á milli mála hvar þær eiga að birtast.

### Töflur

Töflur ber að hafa svo einfaldar sem mögulegt er og forðast skal mjög stórar töflur. Númera skal töflurnar, „1. tafla / Table 1“ o.s.frv. og láta stuttan titil fylgja hverri. Númer og titill standi ofan töflunnar.

### Skýringarmyndir, kort og ljósmyndir

Skila má skýringarmyndum eða kortum á pappír eða á EPS-formi á disklingi eða í tölvupósti. Gæta ber þess að nota letur sem er læsilegt í þeirri stærð sem myndin skal birtast á. Ljósmyndir sem birta á skulu vera skarpur. Skila má skyggnu, pappírseintaki eða mynd á stafrænu formi (t.d. TIF, JPG), enda sé þess gætt að upplausn sé viðunandi. Númera skal allt myndefni, „1. mynd / Fig. 1“ o.s.frv. og láta stuttan titil fylgja. Númer og titill standi neðan myndarinnar.

### Tilvísanir til heimilda í texta

Í fræðilegum greinum skal vísað til heimilda samkvæmt almennum kröfum í landfræði. Í texta skal getið nafns höfundar og ártals greinar, ásamt blaðsíðutali ef ástæða er til („Harvard“-kerfi). Sé skrifað á íslensku og höfundur sem vitnað er til íslenskur skal birta bæði fornafn og eftirnafn. Sé höfundurinn erlendur skal einungis birta eftirnafn. Sé skrifað á ensku skal eftirnafn einungis birt. Séu höfundur tveir skal beggja getið, en séu þeir fleiri skal einungis fyrsti höfundur nefndur og síðan ritað „o.fl. / et al.“ á eftir.

#### Dæmi: a) *Skrifað á íslensku:*

Guðrún M. Ólafsdóttir (1994, 21)  
(Skúlason & Hayter 2001)  
(Sígfús Jónsson 1984)  
Cloke o.fl. (1991)

#### b) *Skrifað á ensku:*

Ólafsdóttir (1998, 21)  
(Skúlason & Hayter 2001)  
(Jónsson 1984)  
Cloke et al. (1991)

### Frágangur heimildaskrár

Fræðilegum greinum skal fylgja heimildaskrá sem gengið er frá í samræmi við dæmin hér að neðan. Heimildum er raðað í stafrófsröð eftir nafni höfunda; fornafrni Íslendinga í grein á íslensku en eftirnafni ef um erlendan höfund er að ræða eða grein á ensku.

#### *Dæmi um frágang og röðun (tímaritsgrein, bók og bókarkafli):*

##### a) *Skrifað á íslensku:*

Cloke, P., C. Philo & D. Sadler 1991: *Approaching Human Geography: An Introduction to Contemporary Theoretical Debates*. London: Paul Chapman Publishing.

Guðrún M. Ólafsdóttir 1994: Frúin frá Vín og Íslendingar á miðri 19. öld. Í: Elín Bára Magnúsdóttir and Úlfar Bragason (ritstj.), *Ímynd Íslands: Ráðstefna um miðlun íslenskrar sögu og menningar erlendis*. Reykjavík: Stofnun Sigurðar Nordals. Bls. 19–33.

Sígfús Jónsson 1984: *Sjávarútvegur Íslendinga á tuttugustu öld*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Skúlason, J.B. & R. Hayter 1998: Industrial location as a bargain: Iceland and the aluminium multinationals 1962–1994. *Geografiska Annaler*, 80 B(1): 29–48.

##### b) *Skrifað á ensku:*

Cloke, P., C. Philo & D. Sadler 1991: *Approaching Human Geography: An Introduction to Contemporary Theoretical Debates*. London: Paul Chapman Publishing.

Jónsson, S. 1984: *Sjávarútvegur Íslendinga á tuttugustu öld*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Ólafsdóttir, G.M. 1994: Frúin frá Vín og Íslendingar á miðri 19. öld. In: E.B. Magnúsdóttir & Ú. Bragason (Eds.), *Ímynd Íslands: Ráðstefna um miðlun íslenskrar sögu og menningar erlendis*. Reykjavík: Stofnun Sigurðar Nordals. Pp. 19–33.

Skúlason, J.B. & R. Hayter 1998: Industrial location as a bargain: Iceland and the aluminium multinationals 1962–1994. *Geografiska Annaler*, 80 B(1): 29–48.

### Neðanmálsgreinar

Nota má neðanmálsgreinar til frekari skýringa eða útlíстана, en þeim skal stíllt í h6f. Ekki skal nota neðanmálsgreinar til að vísa til heimilda.

## Niðurfallsráðgátan

Er það rétt að vatnið fari rangsælis niður úr baðkerum andfætlinga okkar þegar tappinn er úr tekinn? Þessi allt að því heimspekilega spurning hefur sótt á huga margra. Myndin hér fyrir neðan færir sönnur á að þetta er rétt, alltént sé baðkerið nægilega stórt (nái helst yfir nokkrar breiddargráður). Að verki er Coriolis-krafturinn, sem landfræðingar eiga að þekkja. En þið sem eigið leið á suðurhvelið: Varið ykkur á áhrifum þyngdarafllsins „down under“.

